

## Örskýring um úrskurð um fiskverð

Algenzt er áhafnir uppsjávarskipa geri rammasamning um verð og aflameðferð við vinnuveitanda sinn. Í þesskonar samkomulagi felst að áhöfnin fái greitt eftir gildandi verðtöflum. Í upphafi veiða á tiltekinni tegund fær áhöfnin verðtöflu yfir afurðir og þegar verð breytist eru áhafnir láttnar vita um þá breytingu. Rammasamningar eins og um ræðir gefa vinnuveitendum tækifæri til að ákvarða verð einhliða. Ef áhöfn telur að verð séu ekki í samræmi við það verð sem þekktist á tilteknum tíma er lítið hægt að gera annað en að segja rammasamningum upp áður en reynt er að komast að samkomulagi um verð.

Í sumar hefur óánægju gætt hjá áhöfnum uppsjávarskipa hjá einni af stórútgerðunum í Vestmannaeyjum. Menn á þeim skipum hafa alla tíð, síðan rammasamningurinn var undirritaður, gert samanburð á því verði sem þeir fá fyrir aflann og verði hjá öðrum útgerðum sem eru á sömu veiðum. Þessi verðsamanburður hefur sýnt að yfirleitt fá áhafnir þessara skipa um 10-15% lægra verð fyrir aflann en skip annarra útgerða sem veiða úr sömu torfum. Í sumar hafa þessar áhafnir hins vegar verið að sjá verðmun sem nemur 25 til 40% fyrir sömu afurðir.

Vegna þessa mikla verðmunar á fiski, sem er sambærilegur og önnur skip koma með að landi, ákváðu áhafnir þessara skipa að segja upp rammasamningnum sem hafði gilt í nokkur ár.

Þann 21. ágúst var rammasamningnum sagt upp.

Þar sem 7 daga uppsagnarfrestur gildir voru þessar áhafnir án samnings um verð, fyrir þann afla sem þau komu með að landi, frá 28. ágúst.

Stéttarfélag áhafna þessara skipa unnu sameiginlega að hagsmunagæslu fyrir félagsmenn sína. Þau félag sem unnu saman að því að tryggja félagsmönnum sínum sanngjarnt verð fyrir aflann eru VM Félag vélstjóra og málmæknimanna, Sjómannafélagið Jötunn, Skipstjóra og stýrimannafélagið Verðandi og Sjómannafélag Íslands. Ákveðið var að VM myndi koma fram fyrir hönd þessa hóps.

Félögin sendu útgerðinni drög að nýju samkomulagi um 2 vikum eftir að félagsmenn urðu samningslausir þar sem útgerðin hafði ekki frumkvæði að því að semja upp á nýtt við starfsmenn sína. Útgerðin hafnaði nýrri nálgun félaganna á verðmyndun og héldu fund með trúnaðarmönnum áhafnanna viku síðar. Þar sem samkomulag var ekki í höfn var málinu skotið til Úrskurðarnefndar um fiskverð mánuði eftir að rammasamningnum var sagt upp.

Úrskurðarnefndin óskar eftir sjónarmiðum frá báðum hliðum hagsmunaaðila auk upplýsinga frá Verðlagsstofu skiptaverðs.

Það er skemmst frá því að segja að SFS reynir að sýna fram á formgalla á framkvæmd stéttarfélaganna því skv. skilningi útgerðarmanna mega félögin ekki vinna fyrir sína félagsmenn þegar upp kemur ágreiningur á milli starfsmanna og vinnuveitanda eins og í þessu tilfelli. Samkvæmt SFS eiga áhafnirnar að sjá um sín mál sjálfar í stað þess að leita eftir aðstoð í sínu félagi. Að VM, og hin félögin, hafi ruggað bátnum með því að fara ekki eftir því

heildarfyrirkomulagi sem tíðkast hefur og með stuðningi við sína félagsmenn raskað því fyrirkomulagi er ótækt að þeirra mati.

Úrskurðarnefnd um fiskverð lét ekki glepjast af orðræðu þeirra sem hafa allar forsendur til verðákvörðunar og úrskurðaði um verð í krónum á hvert kíló fyrir makríl og síld sem eru u.þ.b. 15-30% hærri en meðaltalsverð sumarsins hjá viðkomandi útgerð. Hið nýja verð gildir frá 21. september til 12. október og áfram ef ekki næst samkomulag um verð á milli útgerðar og áhafnar.

Hins vegar veltir þetta ferli upp ýmsum spurningum. T.d. hvaða verð er í gildi þann tíma sem áhöfnin er samningslaus en málið er ekki komið inn á borð Úrskurðarnefndar vegna þess forms að fyrst þarf að reyna að ná sáttum. Af hverju gildir ekki úrskurðurinn frá þeim tíma er menn eru samningslausir þar sem sátt náðist ekki?

Það er mat undirritaðrar að ferlið þurfi að straumlínulaga, að taka þurfi tillits til þess tíma sem ætlaður er til sáttar, og um leið að tryggja skjóta afgreiðslu þegar ósætti um verðmyndun aflar kemur upp. Það hefur sýnt sig að sjómenn eru sanngjarnir þegar erfiðleikar steðja að vinnuveitendum þeirra, það má sjá í kjarasamningum sjómanna í gegnum tíðina þar sem þeir hafa sjálfir tekið þátt í kostnaði við rekstur vinnustaðar síns síðan elstu menn muna. Nú er komið að útgerðum að sýna sanngirni því staðreyndin er sú að útgerðir komast ekki af án sjómanna sinna en sjómenn komast án efa af án útgerðanna.

Ragnheiður Sveinþórsdóttir